



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

21. janúar 2010

3. tbl. · 27. árg.



**Vantar þig íbúð
til leigu?**

Hafðu samband!
sími: 456 6600



*Ljósíð í
boenum!*



Sími: 456 6660



Ljósmyndari og Benz-sjúklingur

Spjallað við Pál Önnundarson á Flateyri, sem hefur farið þrettán sinnum á keppni í Formúlu 1. Sjá viðtal í miðopnu



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

EIMSKIP

Yfir hafið og heim

Starfshópur skipaður um endurskoðun sorpeyðingar

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að skipaður verði þriggja manna starfshópur er vinni með umhverfissviði að skilgreiningu þeirra þátta er þarf að taka afstöðu til varðandi útboð á sorphirðu, sorpflokkun og sorpeyðingu í sveitarfélaginu. Hópurinn skal síðan leggja niðurstöðurnar fyrir umhverfisnefnd

til samþykktar. „Með skipun starfshópsins er stefnt að því að aðkoma umhverfisnefndar að verkefnum verði skilvirkari og sjónarmið nefndarinnar komi fram á öllum stigum þeirrar vinnu er nú fer í hönd. Einnig að sjónarmið starfshóps um endurskoðun sorpmála varðandi umhverfisvernd fái framgang,“ segir í

fundarbókun. Nefndin samþykkti einnig að hópinn skipi Svanlaug Guðnadóttir, Sigurður Mar Óskarsson og Sæmundur Þorvaldsson.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti nýlega að farið verði í útboð á sorphirðu, sorpflokkun og sorpeyðingu í Ísafjarðarbæ. Lagðar hafa verið fram áætlanir

um kostnað við framtíðarfyrirkomulag í sorpmálum. Þar ber töluvert í milli aðferða í útreikningum, annars vegar við aukna flokkun og bruna og hins vegar við aukna flokkun, endurvinnslu og urðun. Með útboði vill bæjarstjórn fá endanlegan úrskurð um kostnað við sorphirðu og sorpeyðingu. – thelma@bb.is



Sorpeyðingarstöðin Funi.

Útlit fyrir meðalár í fæðingum

Útlit er fyrir að árið 2010 verði meðalár hvað varðar fjölda fæðinga á fæðingardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. „Við erum náttúrulega ekki farnar að sjá nema rétt fram á mitt árið en eins og staðan er í dag verður árið mjög svipað og í fyrra,“ segir Brynja Pála Helgadóttir ljósmóðir.

54 börn komu í heiminn á sjúkrahúsinu á síðasta ári. Nokkuð jafnt var skipt á milli kynja en 28 drengir og 26 stúlkur. Nú þegar hafa tvö börn komið fæðst á Ísafirði í ár, stúlka og drengur. „Það eru misannasamir mánuðir framundan en erfitt er að spá fyrir um árið í heild. Ef það væri hægt myndi það gera starf okkar mun auðveldara,“ segir Brynja Pála. „En það er útlit fyrir meðalár hjá okkur.“

Vestfirðingar voru ansi frjósamir árið 2008 en ekki höfðu fleiri börn fæðst á Ísafirði síðan árið 1998. 52 börn fæddust á Ísafirði árið 2006 og 53 árið 2005 sem er heldur færri en árið þar á undan þegar 61 barn fæddist. Árið 2003 voru aðeins 49 fæðingar á Ísafirði.

Hættir í pólitíkinni í vor

Soffía Vagnsdóttir, oddviti K-listans í Bolungarvík, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér í sveitarstjórnarkosningunum í maí. „Ég lýk þessu verkefni í vor. Ég hætti sátt en lít á það sem samfélagslega skyldu að taka þátt í svona vinnu og það hef ég gert í tvö kjörtímabil. Mér finnst mikilvægt að fá inn nýtt fólk af og til, til koma hlutunum á hreyfingu og ég vona virkilega að það sem við lögðum af stað með í upphafi kjörtímabil ná flugi aftur í vor með nýju fólki,“ segir Soffía. Hún segir undirbúningsvinnu fyrir næstu kosningar hafna og hún taki fullan þátt í þeim þó hún ætli ekki í framboð. „Það eru engar tímasetningar komnar en vinnum svipað og síðast og hittumst reglulega mánuðina fyrir kosningar til að styrkja og stækka hópinn. Það eru alltaf fleiri og fleiri sem tínast inn þegar á líður. Ég er þeirrar skoðunar að það er löngu kominn tími á það, a.m.k. hér að fólk sé í framboði en ekki séu alltaf þessi flokkadrættir.“ Soffía segir síðasta kjörtímabil hafa verið erfitt að hennar mati. „Það fór illa að mínu mati sem hafði mikil áhrif sem ekki hefur náðst að vinna almennilega úr en margt gott hefur líka gerst við



Bolungarvík.

erum komin yfir núllið með lottóvinning frá ríkinu. En það þarf líka að birta í samfélaginu og það er verkefni íbúanna. Ég hef góða tilfinningu fyrir þessu ári og tel vera bjart framundan.“ Sem dæmi um góða viðburði á árinu nefnir Soffía vígslu félagsheimilis Bolvíkinga eftir endurbætur. „Félagsheimilið verður klárað sem skapar ný og skemmtileg tækifæri. Það

er ákveðið hjarta í þorpinu og ég held að allir verði glaðir þegar því verður lokið.“ Aðspurð um framhaldið segir hún engar breytingar fyrir sjáanlegar hjá sér fyrir utan pólitíkina. „Það er ekkert nýtt í spilunum eins og er en allt er breytingum háð maður veit ekkert framtíðar verkefni. En ég læt hér við sitja í pólitíkinni,“ segir Soffía Vagnsdóttir. – thelma@bb.is

Endurmeta þarf jarðskjálftahættu

Glóandi kvika er mun grynna undir vestanverðu landinu en áður hefur verið talið, að mati Hauks Jóhannessonar jarðfræðings. Hann segir borðleggjandi að bora eftir jarðhita mun víðar, eins og á Vestfjörðum og Húnavatnssýslum og jafnframt verði að endurmeta jarðskjálftahættu

á þessum svæðum. Þarna undir sé grunnt á kviku en svæðin þar utan hafa verið talin köld. Samt finnst jarðhiti víða á svokölluðum köldum svæðum, sem jarðfræðingar hafa átt erfitt með að útskýra, eins og t.d. á Vestfjörðum. Haukur segir að átök í skorpunni þegar þetta gerist brjóta upp,

sérstaklega vesturflekann, á norðvesturhluta landsins, frá Borgarfirði norður um land að Eyjafirði og lengra til. Þetta telur hann skýra hvers vegna miklu meiri lághiti finnst vestan gosbeltanna heldur en á Austfjörðum. Haukur segir óvenju mikið af helíum-gasi streyma til

yfirborðs á Vestfjörðum, sem aðrir vísindamenn segja að bendi til kviku. Jarðfræðilega sé þessi kvika tiltölulega grunnt í jarðskorpunni.

Út frá þessu ætti að vera grynna í jarðhita en menn hafa talið víða, og nefnir Haukur bæði Vestfirði og Húnavatnssýslur.

Það ætti að vera borðleggjandi á nokkrum þéttbýlisstöðum að ná í heitt vatn til húshitunar. Haukur telur að stórir skjálftar geti líka orðið á Vestfjörðum, miðað við sprungur þar. „Ef sumar þeirra hreyfðust í heilu lagi gætu komið þar skjálftar upp á 4, 5 eða jafnvel 6 á Richter“ segir Haukur.



Líkur eru á að Í-listinn bjóði sig fram að nýju í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Líkur á að samstarf náist

Viðræðum miðar vel hjá fulltrúum Vinstri grænna og Frjálslyndra og óháðra um áframhaldandi samstarf við framboð til bæjarstjórnarkosninga í Ísafjarðarbæ í vor. Þessir þrjú flokkar mynduðu Í-listann í síðustu kosningum og fengu fjóra menn kjörna. „Það bendir allt til þess að samstarf

náist en það er þó ekki endanlega frágengið,“ segir Bryndís Friðgeirsdóttir, formaður Samfylkingarfélagsins á Ísafirði. „Við í viðræðunefndinni höfum náð góðu samkomulagi og ætlum núna að kynna tillögur um áframhaldandi samstarf fyrir flokkunum þremur.“ Bryndís segir að

gott samstarf undanfarin fjögur ár hafi verið grundvöllurinn fyrir viðræðunum.

„Það hefur einkennt þessar umræður hve vel hefur gengið síðastliðnar fjögur ár en fólk hefur unnið saman eins og einn maður. Það hefur ekki vottað fyrir flokkadráttum innan listans,

hvorki hvað varðar vinnu í nefndum eða bæjarstjórn. Þess vegna var ákveðið að leggja til að samstarfið héldi áfram þar sem bæjarfulltrúar og nefndarmenn hafa staðið sig svo vel í undanfarin ár.“

Fyrirhugað er að haldnir verði flokksfundir hjá flokkunum

þremur á næstunni og þar verði ákveðið hvort þeir bjóði sig saman fram í komandi sveitarstjórnarkosningum. „Ef það verður samþykkt verður í framhaldi af því tekin ákvörðun um fyrirkomulag og dagssetningu á prófkjöri,“ segir Bryndís.

– thelma@bb.is



Móttöku auglýsinga og skráninga
í Símaskrána 2010 fer senn að ljúka.

ÞARFTU AÐ LÁTA BREYTA ÞÉR Í SÍMASKRÁNNI 2010?

Ef þú vilt breyta skráningu þinni eða fyrirtækis þíns, hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 522 3200, farðu inn á Ja.is eða sendu tölvupóst á ja@ja.is.

SKRÁNINGU LÝKUR 31. JANÚAR 2010

Þú ert ekkert
númer ef þú ert ekki
í Símaskránni





118



ja.is



Símaskráln



Mugison túrar um Evrópu

Örn Elías Guðmundsson, eða Mugison eins og hann er oftast kallaður, leggur upp í tónleikaferð um Evrópu í febrúar. Mugison áætla að stoppa í Belgíu, Lúxemborg, Frakklandi, Bretlandi, Hollandi og Póllandi. Á heimasíðu Mugison segist hann ætla að taka nýtt hljóðfæri með sér, sem hann hefur unnið við að hanna og smíða að undanfögnu.

Mugison gaf nýverið út diskinn Ítrekun og í kjölfarið af því fór hann í tónleikaferð um landið með gítarsnillingnum Björgvini Gíslasyni. Í desember ferðaðist Mugison einn með gítarinn til Danmerkur, Hollands, Belgíu og Þýskalands og hlaut góðar undirtektir ytra. Mugison mun semja og syngja titillag hinnar vestfirsku bíómyndar Vaxandi tungl.

Opnar heimasíðu

Eiríkur Finnur Greipsson, sem gefið hefur kost á sér í oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins í næstu sveitarstjórnarkosningum í Ísafjarðarbæ, hefur opnað heimasíðu. „Ég ákvað að leyfa bæjarbúum að kynna mér og mínum stefnumálum með þessum hætti,“ segir Eiríkur.

Á síðunni er m.a. að finna stefnuræðu Eiríks Finns og helstu áhersluatriði hans vegna framboðsins en að auki verður það birtur fróðleikur sem varðar prófkjörið og áhugamál Eiríks Finns sem eru sveitarstjórnarmál.

Nýr forstöðumaður

Auður Helgadóttir hefur verið ráðinn forstöðumaður yfir búsetuþjónustu Svæðissskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum. Búsetuþjónustan er til húsa í Fjarðarstræti 55 og Sindragötu 4. Auður hefur nú þegar hafið störf og tekur við af Sólveigu Bessu Magnúsdóttur.

Hún útskrifaðist með B.A. í tómstunda- og félagsmálafræði vorið 2009. Hlutverk þjónustuíbúða er að gera fötluðu fólki sem þarf sólarhringsaðstoð kleift að búa í eigin húsnæði.



Inn að beini

Guðmundur Hjaltason, tónlistarverkamaður

Guðmundur Hjaltason hefur verið í tónlistargeiranum í ófá ár enda segir hann að mesta uppgötvunin í lífi hans hafi verið tónlistin. Hann hefur upplifað ýmislegt í tónlistargeiranum, eins og kom í ljós þegar Bæjarins besta innti hann eftir svörum inn að beini, sungið á balli með Stuðmönnum með litlum fyrirvara.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Þegar ég spilaði fyrst á balli.

Hvar langar þig helst að búa?

Ísafirði.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Þegar ég missti hárið.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Þegar hárið fór að vaxa aftur.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Tónlist.

Uppáhaldslagið?

Sultans of swing.

Uppáhaldskvikmyndin?

Big Chill.

Uppáhaldsbókin?

Eragon.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Ameríka.

Uppáhaldsborgin?

N.Y.

Besta gjöfin?

Banjó.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Já.

Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?

Gítar.

Fyrsta starfló?

Bæjarvinnan.

Draumastarfló?

Vinna við tónlist og smíðar.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Veit það ekki, en nokkrum hefur verið líkt við mig.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Ísafjörður.

Skondnasta upplifun þín?

Syngja með Stuðmönnum á balli með klukkutíma fyrirvara.

Aðaláhugamálið?

Tónlist.

Besta vefsíðan að þínu mati?

Hugi.is.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Ógeðslega frægur poppari.

Hver er þinn helst kostur að þínu mati?

Skapgóður.

En helst löstur?

Kann ekki að segja nei.

Besta farartækið?

Bíll.

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Skírdagur.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Eiginkonunnar.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Guðmundur.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Nóttunni.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Ljón.

Lífsmottólið þitt?

Lifa í núinu.

Samkaup

úrval

góðir grannar

Coop – gæði og gott verð!

Sparnaðartilboð helgarinnar **21.- 24. janúar**



25%
afsláttur

Úrvals porramatur!



30%
afsláttur

Grænmeti

ísl. gulrófur	235 kr.	165 kr./kg
ísl. gulrætur	379 kr.	265 kr./kg
Laukur	98 kr.	69 kr./kg



Góð kaup!

689 kr./kg **Svið**
soðin, frá **Goða**



33%
afsláttur

~~2.941~~
1.970 kr./kg **Kjúlingabringur**
án skinns, frá **Ísfugli**



40%
afsláttur

~~598~~
359 kr./kg **Svínaríf**
úr kjötbörði / pökkuð fersk



Góð kaup!

389 kr./pk. **Grænmeti**
hollensk blanda, fryst, 750g, frá **Coop**



Góð kaup!

~~259~~
199 kr./stk. **Ávaxtasafi**
epla, appelsínu, mildur, 1l, frá **Coop**



Góð kaup!

~~1.298~~
999 kr./kg **Svínahnakki**
úr kjötbörði / pakkaður ferskur

F&O Birt með fyrirvara um prentvillur.

...sjá fleiri sparnaðartilboð á **samkaupurval.is**

Sjúkraflutningum fækkaði milli ára

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar var kallað út 56 sinnum á síðasta ári. Tíu útköll voru vegna elds, fjögur vegna dælingu úr bátum sem sukku í höfninni og úr ræsi Vega-gerðarinnar og eitt útkall var vegna mengunarvarnarslyss. Þá bárust slökkviliðsmönnum 27 boð vegna falsboðunar í eldvarn-

arkerfi, þrjú vegna umferðarslysa með klippur. Einnig var einu sinni óskað eftir sérstakri aðstoð við sjúkraflutning og tíu sinnum óskað eftir sérstakri aðstoð við íbúa sveitafélagsins. Þetta kemur fram í árskýrslu slökkviliðsins fyrir árið 2009.

Þar kemur fram að þjálfun

slökkviliðsmanna er ekki eins mikil og síðustu ár vegna niðurskurðar í samfélaginu en samt reynt að halda þeim innan ásættanlegra marka eða um 1.300 vinnustundir árlega. Ekki var námskeið frá Brunamálastofnun á árinu vegna niðurskurðar.

Sjúkraflutningum fækkaði mikið milli ára. Alls voru 170 sjúkraflutningar; 108 almennir flutningar og 62 forgangsflutningar.

Á árinu fóru fram eldvarnar-efirlitsskoðanir á vegum slökkviliðsins um 68 talsins af 130 skoðunarskyldum og af þeim

voru 52 brunavarnarskýrslur. Allir skólar voru heimsóttir og rætt við alla átta ára nema um brunamál. Einnig var nokkur fræðsla á vegum slökkviliðsins bæði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og skóla í meðferð slökkvitækja.

– *thelma@bb.is*



Sjúkraflutningamenn á vegum Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar fóru í 170 sjúkraflutninga á árinu 2009.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Háls-, nef- og eyrnalæknir á Ísafirði

Sigurður Júlíusson, háls-, nef- og eyrnalæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 27.-30. janúar.

Tímappantánir í síma 450 4500 á milli kl. 8-16 alla virka daga.

Polskie kursy na prawo jazdy kat. C i CE

Ökuskóli S.G. zamierza zorganizować w Ísafjörður kurs na prawo jazdy kat. C oraz CE. Kurs będzie prowadzony po polsku i odbędzie się w drugiej połowie stycznia 2010.

Związki zawodowe zwracają do 100.000 kr.

Urząd pracy zwraca do 70.000 kr.

Mozliwa płatność karta Visa lub Euro w ratach do 36 miesięcy.

Informacje pod nr. tel 866 5456. Rozmawiamy po polsku.

Ökuskóli S.G. – tel. 581 2780

Spurningin

Telur þú að stjórn og stjórnarandstaða nái saman í Icesave-málinu?

Alls svöruðu 378.
Já sögðu 116 eða 31%
Nei sögðu 262 eða 69%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Breytileg átt, slydda eða rigning sunnan- og vestanlands. Heldur kólnandi veður. **Horfur á laugar-dag:** Hæg vestlæg átt, el norðanlands en annars úrkomulítið. Hiti 1-4 stig við sjóinn en annars vægt frost. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir suðaustanátt og þurr veður. Frostlaust.

Ritstjórnargrein

Þreyjum þorrann

Miður vetur. Þorri byrjar. Þessar stuttorðuðu setningar í Almanaki Þjóðvinafélagsins eiga við morgundaginn. Árstími, sem fyrr á öldum fyllti fólk kvíða er að ganga í garð: Hvernig þreyjum við þorrann og góuna? var spurt. Oftar en ekki var um að ræða erfiðasta tíma ársins, ekki síst vegna risjóts tíðarfars, slæmra gæfta, sem leiddi tíðum til matarskorts. Nútímamaðurinn sér þetta öðrum augum þótt nú, líkt og fyrr, geti til brugðið til beggja vona með veðurfar og sjósókn. Húsakostur og atvinnuhættir eru með allt öðrum hætti. Sama gildir um nánast allt annað.

Hvernig þreyjum við þorrann á því herrans ári 2010? Er ekki út í hött að varpa fram slíkri spurningu? Ekki hefur þurft að kvarta yfir tíðarfarinu það sem af er vetri. Og þröngt séð: Ísfirðingar vita að óðum styttest í að sólin gægist yfir fjallahringinn.

Þegar þorrinn gengur í garð ríkir afgerandi óróleiki í þjóðfélaginu. Breytir litlu þótt orlað hafi á sátt milli stjórnar og stjórnarandstöðu. (Fugl í skógi þegar þetta er skrifað) Minni og stærri spámenn mata almenning á hvað gera beri í þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-málið; áfram leggja fjölmiðlar sig í lima við að reikna út hversu margar þjónustustofnanir megi byggja eða reka á ársgrundvelli fyrir þennan og hinn „þarfan“ hjá hinu opinbera og hversu langt

ímynduð bifreið kemst á bensínlítranum, rétt eins það sé lausn alls vanda. Á sama tíma bíða úrlausna mál sem varða einstaklinga, fjölskyldur og þjóðarheild; mál sem setið hafa á hakanum, orðið að víkja fyrir merkingarlausu karpi, þar sem æði margir hugsa út frá eigin skinni.

Þjóðin þarf vart að hafa áhyggjur af komu þorrans.

Áhyggjuefnið um þessar mundir er af allt öðrum toga.

Áfangi

Ákvörðun Orkubús Vestfjarða um endurnýjun og stækkun Mjólkrárvirkunar er fagnaðarefni. Þótt umfang verksins sé ef til vill ekki mikið er tímasetning þess góð. Þörfin er brýn.

Stækkun Mjólkrárvirkunar er mikilvægt skref til að auka raforku á Vestfjörðum og draga úr kaupum á orku til fjórðungsins. Ljóst er þó að þetta nægir ekki til að Vestfirðingar sitji við sama borð og aðrir þjóðfélagsþegnar hvað raforkuöryggi varðar.

Beðið er eftir að loforð stjórnvalda um úrlausn í þessum efnum verði efnt. Að Vestfirðingar búi ekki við „þriðja flokks raforkukerfi“ eins og það hefur réttilega verið orðað af sömu aðilum. *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Upplýst umræða

um nýlegar skattabreytingar
og áhrif þess á atvinnulífið



Í tilefni nýlegra skattabreytinga verður haldinn upplýsingafundur föstudaginn **22. janúar**, á Hótel Ísafirði **kl.16-17**. Fundurinn er öllum opin og enginn aðgangseyrir.

Endurskoðun Vestfjarða ehf., sem Deloitte hf. hefur nýverið eignast hlut í, hefur opnað skrifstofu á Ísafirði í húsnæði Neistans að **Hafnarstræti 9, 2.hæð**.

Í tilefni af þessum tímamótum verður **opið hús** á skrifstofunni strax eftir skattafundinn og eru Vestfirðingar hvattir til að líta við og kynna sér starfsemina. Léttar veitingar í boði.



Deloitte.

10% aukaafsláttur

af öllum útsöluvörum



Jotaplast 10ltr. beinhvít
7119800



Rúllusett+bakki
25 sm
7014822

Gildir fimmtudag
til sunnudags

ÚTSÖLULOK



HÚSASMÍÐJAN

Hefur farið þrettán sinnum á Formúlu 1

Páll Sigurður Ónundarson, eins og hann heitir fullu nafni, öllu bet-r þekktur einfaldlega sem Páll Ónundar, er einn þeirra rótgrónustu sem búa á Flateyri við Ónundarfjörð hvað ætt og uppruna varðar. Hann hefur alla tíð starfað sem bifreiðastjóri en á vissulega önnur líf fyrir utan aksturinn. Ljósmyndun er eitt af helstu áhugamálum Páls og fréttamyndir hans hafa birst víða á liðnum árum, þar á meðal í Bæjarins besta og á bb.is eins og lesendur þekkja. Hann hefur ferðast mikið til útlanda og ósennilegt má telja að nokkur Íslendingur hafi farið á fleiri mót í Formúlu 1 en hann. Og svo eru bílar af gerðinni Mercedes Benz eitt áhugamálið enn.

Páll er fæddur á Flateyri árið 1952 og hefur alið þar allan aldur sinn. Faðir hans er Ónundur Hafsteinn Pálsson en móðir hans var Kristín Guðmundsdóttir. Hann er Flateyringur í fæðingunni en Breiðfirðingur í móðurætt. Bræðurnir eru þrír. Páll er elstur en yngri eru þeir Úlfar Ónundarson á Flateyri og Barði Ónundarson á Ísafirði.

Merkar heimildir á gömlum kvikmyndum

En við skulum byrja á ljósmynduninni sem Páll er líklega einna þekktastur fyrir á síðari árum.

„Þetta byrjaði nú bara þegar ég var eitthvað sextán-sautján ára gamall. Ég man að mamma ávitaði mig fyrir það hvað ég tók mikið af myndum, því að það var dýrt að taka á filmu. Svo fór ég á skólann á Núpi og þar lærði ég að framkalla myndir og allan þann feril.“

Síðan þegar ég var kringum tvítugt fór ég út í að taka kvikmyndir á 8 mm filmu án hljóðs og á góðan slurk af þeim. Það eru ýmsar merkilegar heimildir á þessum kvikmyndum, bæði frá Flateyri og miklu víðar. Þar má nefna kvikmyndir frá hátíðinni í Vatnsfirði við Breiðafjörð árið 1974. Síðan er mikið af mannlífsmýndum héðan úr Ónundarfirði og frá Ísafjarðarsvæðinu og víðar hér í kring.“

Þar með var fjandinn laus



Páll er mikill aðdáandi Mercedes Benz bíla og á tvo slíka sjálfur.

„Áhuginn á ljósmyndun blossaði síðan upp aftur fyrir eitthvað um áratug. Ég fór þá aftur að taka á filmu og þá kom upp sama sagan, þetta var svo andskoti dýrt, og svo fór að kallinn keypti sér notaða digitalvél. Þar með má segja að fjandinn hafi verið laus. Ég er búinn að þvælast víða og raunar um allan heim og taka myndir, ekki síst í tengslum við Formúlu 1. Ég er búinn að fara þrettán sinnum á keppni í Formúlu 1.“

– Gæti það ekki verið Íslandsmet?

„Etli það ekki bara.“

– Hefurðu jafnvel farið alla leið til Malasíu?

„Nei, það var að vísu komið á planið hjá mér að fara þangað 2008 en það vita nú allir að þá voru kreppumerkin byrjuð og þetta var orðið svo dýrt. Ætlunin var að taka Japan og Kína og Malasíu í einum rúnt. Það biður bara betri tíma.“

Börnin spila öll á hljóðfæri

Páll á fjögur börn, þrjá stráka og eina stelpu, með fyrrverandi eiginkonu sinni, Magneu Guðmundsdóttur, en þau eru skilin fyrir allmörgum árum. Halldór

Gunnar Pálsson er stjórnandi karlakórsins Fjallabráðra og var núna um áramótin útnefndur Vestfirðingur ársins í kjöri bb.is. Ónundur Hafsteinn Pálsson er líka landskunnur – og þótt víðar væri leitað – fyrir upptökuverið Tankinn á Flateyri. Hin börnin eru Hákon Þór Pálsson og Birna Dröfn Pálsdóttir.

„Þau spila öll á hljóðfæri en þó sýnu mest Halldór og Ónundur“, segir Páll.

– Ert þú sjálfur músikant?

Palli hlær. „Nei, ég get ekki sagt það með góðri samvisku. Ég spila ekki á hljóðfæri en ég hef óhemjugaman af því að hlusta á músík.“

Því má skjóta hér inn, að Barði bróðir Páls var trommuleikari í ísfirsku hljómsveitinni Dolby á sínum tíma.

Heldur sig við Mercedes Benz

Langst af var Páll vörubílstjóri en seinni árin er hann flutningabílstjóri, aðallega í því að keyra fisk. Aðspurður hvort hann komist nokkurn tíma í Formúlu-eittfiling á flutningabílnum svarar hann því eindregið neitandi. „Það vantar mikið á það.“

Páll byrjaði að keyra vörubíl

árið 1972 þegar hann var tvítugur og hefur verið í akstrinum síðan. Hann var meðal annars lengi í vegavinnu og snjórúðning annaðist hann í tólf ár með tönn framan á vörubílum. Hann hefur nánast eingöngu haldið sig við sömu tegundina, Mercedes Benz.

„Og á bara Mercedes“, segir hann. Fyrir utan flutningabílinn á hann tvo einkabíla af þeirri gerð. Annar þeirra er forlata gamall Benz-jeppi – Mercedes Benz G árgerð 1987. „Ég hef verið að þvælast dálítið á honum í fjallaferðum á sumrin í hópi með öðrum.“ Páll segir að hann hafi aldrei klikkað, alveg þrælflottur. „Það skiptir engu máli þótt þessir bílar séu gamlir, bara að þeir séu góðir og sé haldið við.“ Síðan á hann fólksbíl af gerðinni Mercedes Benz ML 270 dísil árgerð 2005.

Að njóta þess að vera til

Fyrir utan myndatökur (og Benzana) eru helstu áhugamál Páls að hlusta á góða músík og að ferðast, sérstaklega erlendis. Og síðast en ekki síst að fylgjast með Formúlu 1, eins og áður hefur komið fram, en það áhugamál og ferðalögin tengjast óneitanlega mjög þó að þau séu ekki öll einskorðuð við heimsóknir á kappakstursmót.

Páll segist hafa grínast með það að hann hafi ekki þorað einu sinni að horfa á golfkylfu. „Ef ég færi í það er ég nokkuð viss um að ég yrði alveg húkkt á því.“

– Væri það nokkuð slæmt?

„Kannski ekki, en það eru nú bara tuttugu og fjórir tímar í sólarhringnum. Myndatakan tekur mikinn tíma. Það er eitt að taka myndirnar og svo annað að sortera þær og ganga frá þeim svo að þetta sé eigulegt og aðgengilegt. Þetta er mjög skemmtilegt áhugamál. Annars er yfirleitt bara gaman að vera til og njóta þess!“

Samfélagið á Flateyri hefur breyst

Páll segir að uppvaxtarárin á Flateyri hafi verið góð.

„Það var náttúrulega allt annað mannlíf hérna á þeim tíma. Svo var ég líka mikið á Patreksfirði hjá ömmu minni í móðurættina þegar ég var þúki og þekkti vel mannlífið bæði á Patró og hér á Flateyri. Það var ágætis blanda.“

– Þú segir að mannlífið á Flateyri hafi breyst mikið frá æskudögum þínum. Núna er mikið af nýbúum í plássinu og sitthvað fleira hefur breyst. Hvernig finnst þér samfélagið hér núna?

„Mér finnst samfélagið vera



að mörgu leyti ágætt. Við skulum ekki gleyma því að nýbúarnir sem eru hérna eru bara fólk eins og við. Reyndar sker sig úr það fólk sem lærir málið og getur talað við okkur á íslensku og tekið þátt í lífinu hér og öllu daglegu amstri með okkur og skemmt sér með okkur. Þetta bara lífgar upp á mannlífið að mörgu leyti.

Við skulum ekki gleyma því, að útlendingarnir sem eru hérna eru fólk sem vill vinna í fiski og einmitt þess vegna eru þeir hér. Við vitum að það er erfitt að fá Íslendinga til að vinna í fiski. Það er bláköld staðreynd að það eru útlendingarnir, Pólverjar, Tailendingar og Filippseyingar og fleiri, sem halda uppi grunn- atvinnuveginum í þessum plássum með einum og öðrum hætti. Þetta er upp til hópa alveg fyrir myndarfólk.

Eftir flóð fluttist umtalsverður hluti af heimafólki á Flateyri í burtu og af þeirri ástæðu einni út af fyrir sig verður þetta aldrei sama samfélagið. Það þýðir ekkert að fást um það. Lífið er bara svona og það verður að taka því. Jákvæð þróun er að unga fólkið okkar er farið að flytja aftur heim.

Talandi um mannlífið á Flateyri og samfélagið hérna, þá höfum við íbúar í Ólafstúni haldið götuveislu síðan árið 2000, sem hefur farið stækkandi með hverju ári. Þar taka Flateyringar þátt, útlendingar jafnt sem Íslendingar.“

Sjávarútvegsstefnan ræður framtíðinni

– Hvernig sérðu fyrir þér framtíð litlu plássanna hér fyrir vestan?

„Ég sé það einfaldlega fyrir mér að þau muni standa og falla með sjávarútvegsstefnunni. Það er fiskur og aftur fiskur sem heldur lífi í þessum smáplássum. Og hann er nú bara hérna rétt við bæjardyrnar hjá okkur.“

Svo er reyndar líka kominn mjög góður vísir að ferðapjónustu. Þar á ég aðallega við sjóstangaveiðina sem lífgar líka mikið upp á mannlífið bæði hér á Flateyri og á Suðureyri og víðar. Ef menn hlúa að þessu og drepa það ekki með skattlagningu ætti það að geta plumað sig.“

Nótt sem aldrei gleymist

– Þú nefndir að Flateyri verði aldrei söm eftir flóðið 1995. Áttirðu þá heima í sama húsinu og núna við Ólafstún efst í þorpinu?

„Já.“

– Voruð þið heima þegar slysið varð?

„Nei. Eitthvað um vikutíma áður en flóðið féll vorum við búin að vera meira og minna út og inn vegna rýminga. Við vorum búin að vera úti í nokkra daga þegar flóðið féll. Húsið er hér efst í byggðinni og á það

kom ekki arða af snjó. Flóðið fór hins vegar inn í húsið við hliðina og þar næsta hús hvarf. Þarna gerðust hörmulegri atburðir en svo að nokkurn hefði óráð fyrir því að gætu gerst. Þetta situr auðvitað alltaf í þeim sem lentu í þessu og þeim sem tóku þátt í björgunarstarfinu. Það kemur alltaf einhver ónotatilfinning í slæmu veðri og byl.“

– Tókst þú þátt í björgunarstarfinu?

„Það voru allir í björgunarstarfinu. Á þessum tíma stundaði ég ennþá snjómokstur og mitt hlutverk þessa nótt var að halda götum hreinum þannig að menn gætu komist um. Það hjálpuðust allir að. Þetta er nótt sem líklega flestir vildu gleyma en hún gleymist aldrei.“

Bara fyrir Benz-sjúklinga

– Snúum okkur aftur að Mercedes Benz. Hvenær eignaðistu fyrsta Benzinn?

„Ég eignaðist hann strax árið 1972 þegar ég byrjaði að keyra vörubíl. Mér var einu sinni boðið á Benz-sýningu í Hannover og líka er ég búinn að fara á Benz-safnið flotta í Stuttgart þar sem verksmiðjurnar eru. Það er bara fyrir Benz-sjúklinga eins og mig að fara þangað inn. Þar er allur ferillinn frá fyrsta bílnum og til hins nýjasta.“

– Telur þú Benzinn betri en

aðra bíla?

„Það eru kannski til bílar sem eru ekkert síðri en Benzinn. En það er eitt sem hann virðist hafa stórlega fram yfir marga aðra, og það er endingartíminn á honum og líftíminn. Þegar maður er sjálfur í bílaútgerð, þá skiptir miklu máli að þetta bili ekki miklið og að þetta endist en að það séu ekki stöðugar eilífðarviðgerðir. Ég gerði einu sinni slæm mistök og keypti mér Volvo og það var bara hörmungarsaga. En Volvóinn er náttúrliga ekkert sami billinn í dag.“

Schumacher snýr aftur

– Svo að maður blandi nú saman áhugamálunum Mercedes og Formúlu 1, hvernig líst þér á að Michael Schumacher skuli vera að snúa aftur til keppni fertugur að aldri og fara nú að keyra Mercedes?

„Mér líst bara helvíti vel á það maður. Við förum einu sinni á Spa í Belgíu og hittum þar tvo þýska stráka. Við spurðum þá hvort þeir héldu ekki með Michael Schumacher, en þeir sögðu nei. Þegar við spurðum um ástæðuna var svarið á þá leið að Schumacher ætti að keyra fyrir þýskt lið en ekki eitthvert andskotans rautt mafiulið á Ítalíu. Þeir voru ekkert að skafa utan af því. Núna verða hins vegar tveir þýskir öikumenn hjá Mercedes-liðinu – Nico Rosberg er að vísu hálfur Finni og hálfur Þjóðverji,

það er ekki slæm blanda – og þetta verður sko ekkert smá í Þýskalandi!

Fyrir utan þau áhugamál sem vikið hefur verið að má nefna að kallinn stundaði mikið skytteri hérna í den. Aðallega fólst það í því að skjóta í mark. Við förum reyndar líka á fuglaskytteri endrum og eins nokkrir kunningjar. Þetta var ekki eins strangt og það er í dag. Menn gátu bara labbað með ríffilinn á öxlinni út á ruslauga og skotið eins og þeir vildu. Það myndi nú ekki ganga í dag.“

Hann Palli kann að labba!

– Ein lítill gamansaga af sjálfum þér?

„Ég fæ mér stundum svolitinn labbitúr á sunnudögum. Brandarinn gekk út á það að ég hefði átt að vera að labba hér niðri á eyri og þá var þar lítill þúki fyrir utan hús. Þegar hann sá mig hljóp hann inn til mömmu sinnar og hrópaði: Hann Palli kann að labba! Strákurinn hafði aldrei séð mig nema á bílnum.“

– Þú ert þá væntanlega ekki í trimmi að öðru leyti?

„Nei, en eftir að ég hætti að keyra vörubíl og fór að keyra flutningabíl, þá stóð maður allt í einu frammi fyrir því að þurfa að hreyfa sig. Að keyra flutningabíl hefur í för með sér heilmikla hreyfingu og átök.“

„Fyrningarleiðin ógnar atvinnu og afkomu fólks á landsbyggðinni“

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal, segir fyrningarleiðina ógna atvinnu og afkomu fólks á landsbyggðinni. „Fyrningarleiðin, eða upptökuleiðin eins og ég vil frekar nefna það, er ávísun á afturhvarf til ríkisvæðingar og miðstýringar og rekstrarumhverfis, sem við höfum unnið okkur markvisst út úr á 20 árum,“ segir í Einar Valur í grein sem birtist í mbl.is. Þar segir hann einnig: „Fyrningarleiðin er ávísun á óör-

yggi. Hún leiðir til þess að enginn fæst til þess að fjárfesta í sjávarútvegi. Og það sem er alvarlegast: Hún leiðir til þess að eignir óbreytts almennings hér á Vestfjörðum, hvort sem hann hefur einhver tengsl við sjávarútveginn eða ekki, munu falla enn frekar í verði. Óöryggið grefur undan okkur öllum.“

Í greininni varpar hann fram þeirri spurningu hvaða þýðingu 5% árleg skerðing aflaheimilda hafi fyrir Vestfirði. „Munum við áfram halda 9% botnfiskkvótans



Einar Valur Kristjánsson.

þótt íbúarnir séu ekki nema 2% landsmanna? Eða verður kvótinn fluttur „til fólksins“ eins og það er kallað og þannig safnað saman á höfuðborgarsvæðinu? Þar býr meginþorri landsmanna. Það er harla fátt um svör. Það er holar hljómur í þessum tillögum stjórnvalda enda hafa menn augljóslega ekki hugsað dæmið til enda.“

Einar Valur segir boðaða fyrningarleið ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegi fjarri því að vera eitthvert einkamál stjórnmalama og útvegsmanna. „Þessi

óábyrga leið, sem er ekkert annað en hrein og klár eignaupptaka, snýst þegar öllu er á botninn hvolfst um atvinnu og afkomu venjulegs fólks um land allt, sérstaklega þó á landsbyggðinni. Þessar óútfærðu tillögur hafa þegar kallað fram óvissu og óöryggi sem teygir sig langt út fyrir raðir útgerðar og fiskvinnslu. Stjórnvöld verða að átta sig á því að með því að veða að rekstrargrundvelli sjávarútvegsfyrirtækja eru þau að veða að hagsmunum almennings,“ segir Einar Valur.



Undirrituðu samstarfssamning

Ísafjarðarbær og Kómedíuleikhúsið undirrituðu í síðustu viku nýjan samstarfssamning. Í samningnum felst að Ísafjarðarbær greiðir Kómedíuleikhúsinu árlega 2,75 milljónir króna, þarf af 1,4 m.kr. vegna verkefna sem unnin eru af leikhúsinu við hátíðarhöld 17. júní, framkomur í skólum og á Bæjar- og héraðsbókasafni svo dæmi sé tekið og 1,35 m.kr. vegna leiklistarnámskeiðs í félagsmiðstöð og leikstjórnar og faglegs starf Morrans ungmennaleikhús Ísafjarðarbæjar. Samstarfssamningurinn gildir út árið 2011. Á myndinni eru þeir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Elfar Logi Hannesson frá Kómedíuleikhúsinu. – kristjan@bb.is

Vinna snjóflóðahættumat fyrir skíðasvæði

Þrátt fyrir snjóleysi í vetur gengur starfsemin á Snjóflóðasetri Veðurstofunnar á Ísafirði sinn vanagang. Eiríkur Gíslason hefur flutt sig um set og starfar nú hjá Veðurstofunni í Reykjavík. Til stendur að ráða sérfræðing í hans stað og verða starfsmenn setursins þá aftur sjö. Í haust var farið yfir allar snjóþýptarstíkur og sjálfvirka mæla umhverfis Ísafjarðarbæ og Bolung-

arvík. Einnig var bætt við nokkrum stikum, meðal annars ofan við Orkubúíð í Syðridal. Til stendur að halda áfram tilraunum með snjóflóðasprenningar ef aðstæður leyfa seinna í vetur. Verið er að vinna snjóflóðahættumat fyrir skíðasvæði landsins, en á síðasta ári kom út reglugerð um gerð hættumats á skíðasvæðum.

Á Snjóflóðasetrinu er í vetur unnið að frágangi snjóflóðagagna

af öllu landinu, útgáfu snjóflóðannála síðustu vetra, og skráningu flóða sem getið hefur verið um í fjölmiðlum. Aurskriðurannsóknir eru nú einnig á borði Snjóflóðasetursins og unnið er að því að sameina aurskriðugagnagrunn Náttúrufræðistofnunar á Akureyri og snjóflóðagrunn Veðurstofunnar.

Ekki tengjast þó öll verkefni setursins ofanflóðum, en dæmi

um önnur verkefni er skráning upplýsinga í tækjagagnagrunn Veðurstofunnar og vatnamælingar.

Eftir að Veðurstofa Íslands og Vatnamælingar sameinuðust fyrir ári síðan flutti einn af starfsmönnum Vatnamælinga sig um set og vinnur nú að ýmsum verkefnum tengdum vatnamælingum á Snjóflóðasetrinu.

– fridrika@bb.is



Ingólfur Þorleifsson.

Ingólfur vill annað sætið

Ingólfur Þorleifsson vélstjóri og viðgerðarmaður hjá Fiskvinnslunni Íslandssögu ehf., og Klofningi ehf., á Suðureyri, sækist eftir 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ í prófkjöri sem fram fer 13. febrúar nk. Ingólfur er fæddur á Ísafirði 9. september 1972 og ólst upp í Bolungarvík. Hann hefur síðustu 15 ár búið og starfað í Ísafjarðarbæ. Hann er kvæntur Guðrúnu Oddnýju Schmidt og eiga þau tvö börn Reginu Huld 14 ára og Þorleif Hallbjörn 8 ára.

Ingólfur hefur starfað fyrir Sjálfstæðisflokkinn í 20 ár. Hann er varabæjarfulltrúi fyrir flokkinn í Ísafjarðarbæ og situr í íþrótt- og tómstundanevnd. Hann er formaður stjórnar Fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ og er í stjórn verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins. Hann er einnig formaður Korfuknattleiksfélags Ísafjarðar.

Bolungarvík að ná vopnum á ný

Bolungarvík hefur náð vopnum sínum á ný í sjávarútvegi að sögn Elíasar Jónatanssonar bæjarstjóra, en afli sem landað var á staðnum árið 2009 var fimmtán prósentum meiri en árið á undan. Eins er horft til ferðaþjónustunnar eftir viðtækar samgöngubætur sem hafa komið Bolvíkingum til góða. Eins og fram hefur komið voru útsvarstekjur Bolungarvíkurkaupstaðar tæplega fjörutíu prósentum hærri árið 2009 en árið á undan. Þetta er stórt skref í viðsnúningi í fjármálum sveitarfélagsins, segir Elías Jónatansson bæjarstjóri í samtali við visir.is. Á móti kemur að framlög Jöfnunarsjóðs lækkuðu um mikið á sama tíma og því nauðsynlegt að fara jafnframt í hagræðingu og sparnaðaraðgerðir.

„Við höfum tekið hraustlega á okkar málum, má segja. Við förum í samstarf við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sem gerði mjög stífar kröfur um viðsnúninginn. Þeir fóru beinlínis fram á að endurskipulagningunni væri lokið árið 2010,“ segir Elías á visir.is. „Þess vegna varð ekki umflúið að skera niður og hækka útsvarið um tíu prósent.“

Elías segir að þjónustugjöld



Bolungarvík.

hafi verið hækkuð en sárast hafi verið að þurfa að fækka stöðugildum um tólf. Fyrir lítið sveitarfélag er það þungt högg enda um fimmtán prósent fækkun starfa að ræða. „Það má reyndar segja að við höfum skorið þar sem eitthvað var yfirleitt að hafa.“ Elías segir samstarfið við eftirlitsnefndina hafa gengið vel og í gildi sé samningur til ársins 2011. Reiknað er með að skatttekjur séu þær sömu árið 2010 og þær voru 2008.

Hagræðing í skólarekstri hefur verið mikið í umræðunni um

hagræðingu innan sveitarfélaga en ráðgjafar Bolungarvíkur komust að þeirri niðurstöðu að samrekstur grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla staðarins myndi ekki svara kostnaði þegar haft

væri í huga það rask sem slíkri aðgerð fylgir. „Eins hangir mun fleira á spýtnunni. Það eru ekki allir sammála því að það eigi að sameina. Sameining getur valdið erfiðleikum í stjórnun og aðstæð-

ur komið upp sem við viljum forðast. Á þessum tímamarki viljum við einfalda málin og ná um þau viðtækri sátt,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri.

– thelma@bb.is

Fjórir ungir leikarar valdir

Fjögur ungmenni hafa verið valin til að leika í kvikmyndinni Vaxandi tungli, sem tekin verður upp á Vestfjörðum í ár. Hinir ungu leikarar eru Ástrós Valsdóttir frá Suðureyri og Ísfríðingarnir Birta María Gunnarsdóttir, Sunna Karen Einarsdóttir og Svanur Pálsson. Auk ungmennanna hafa leikararnir Ársæll Nielsson, Elfar Logi Hannesson og Rakel Dimar, sem er dönsk, verið ráðin til að leika í myndinni.

Á næstunni hefst samlestur leikara og undirbúningur fyrir tölur sem hefjast í páskavíkunni.

Leikaravalsnefnd var í miklum vanda og dróst í heila tvo daga að komast að niðurstöðu. Nefndina skipuðu þau Birna Pálmadóttir, Elfar Logi Hannesson, Íris Sveinsdóttir, Lýður Árnason og Sigurður Ólafsson. Öllum þátttakendum, 32 að tölum, er þakkaður áhuginn og hvattir til landvinninga í leiklistinni.

Níu tilnefningar

Níu tilnefningar bárust frá íþróttafélögum um kjör íþróttamanns Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2009. Íþróttamaðurinn verður útnefndur sunnudaginn 24. janúar kl. 16 Stjórnsýsluhússins á Ísafirði. Þeir sem eru tilnefndir eru; Anna María Stefánsdóttir hjá Sundfélaginu Vestra, Anton Helgi Guðmundsson hjá Golfklúbbi Ísafjarðar, Baldur Geir Gunnarsson hjá Knattspyrnufélaginu Herði, handknattleiksdeild og Bylgja Dröfn Magnús-

dóttir hjá Hestamannafélaginu Hendingu.

Emil Pálsson hjá Boltafélagi Ísafjarðar, Guðmundur Valdimarsson hjá Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar, Pance Iliewski hjá Korfuknattleiksfélagi Ísafjarðar, Silja Rán Guðmundsdóttir hjá Skiðafélagi Ísfríðinga og Ragney Líf Stefánsdóttir hjá Íþróttafélaginu Ívari en hún var útnefnd íþróttamaður Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2008.

– thelma@bb.is

Lífshlaupið

Landskeppni í hreyfingu

Skráðu þig í Lífshlaupið

- Vinnustaðakeppni
- Hvatningarleikur í skólum
- Einstaklingskeppni

Skráning og nánari upplýsingar á vefsíðunni: lifshlaupid.is

Lífshlaupið byrjar 3. febrúar!

Ísland á iði

Hreyfa sig!

Lífshlaupið er fræðslu- og hvatningarverkefni ÍSÍ fyrir alla aldurshópa. Markmið þess er að hvetja landsmenn til þess að fara eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um hreyfingu og gera hreyfingu að föstum liði í lífsstíl sínum.

Samstarfsaðilar

Olympíufjölskyldan

Lífshlaupið Þín heilsa – þín skemmtun

smáar

Óska eftir ódýrri þvottavél og rúmi (140 eða 150x200). Uppl. í síma 897 4283.

Óska eftir rafmagnshitatúpu 10-12kW. Má gjarnan vera Rafha hitatúpa, ekki skilyrði. Uppl. í símu 456 7164 eða 693 5794.

Til sölu er nýlegur, vandaður 2ja sæta brúnn leðursófi. Uppl. í síma 894 6125.

Þorablót Sléttuhreppinga fer fram í Félagsheimilinu í Hnífsdal laugardaginn 20. febrúar.

Óska eftir litlum ísskáp/mini-bar undir 90 cm á hæð. Einnig er óskað eftir háum skrifborðstól. Uppl. í síma 869 6852.

Flugfarþegum fækkar

Flugfarþegum á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar fækkaði um 12% á árinu 2009 og voru um 43.000 samkvæmt tölum frá Flugfélagi Íslands. Til samanburðar má nefna að 33 þúsund farþegar flugu milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur sem er 16% fjölgun frá árinu á undan.

Farþegum milli Reykjavíkur og Akureyrar fækkaði um 13% og voru 179.000 og einnig fækkaði farþegum á milli Reykjavíkur og Egilsstaða um 16% en þeir voru um 95.000. Alls ferðudust 375.000 manns með Flugfélagi Íslands árið 2009.



Flateyri. Ljós: © Mats Wibe Lund.

Geta flutt á aðrar deildir

Þróstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, segir að stofnuninni sé gert að skera niður um 23 milljónir í ár og niðurstaðan hafi verið að loka hjúkrunardeildinni á Flateyri. Verður það gert strax á vormánuðum og þrjú vistmenn sem þar búa verða fluttir til Þingeyrar, Ísafjarðar eða Bolungarvíkur. Sjó starfsmenn í fjórum

stöðugildum missa vinnuna. Í samtali við Svæðisútvarp Vestfjarða segir Þróstur að stofnunin geti boðið vistmönnum að flytjast á aðrar deildir sem stofnunin reki, þ.e. á framangreindum stöðum. Að öðru leyti ræður fólkið sjálf hvar það sækist eftir hjúkrunarvými.

Í Bolungarvík er gert ráð fyrir þrettán heimilismönnum og er

sú deild fullmönnuð. Á Þingeyri er pláss fyrir sex en þar búa þrjú. Á Ísafirði eru 19 vistmenn. Þar er unnið að úrbótum og er gert ráð fyrir að allir komist að þar sem vilja. Þróstur segir þetta ekki hreppaflutninga því öll hjúkrunarheimilin séu í sama sveitarfélaginu, Ísafjarðarbæ, þó það búi ekki lengur á Flateyri. Frá þessu var greint á ruv.is.



Margrét í framboð

Margrét Halldórsdóttir, íþrótt- og tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að gefa kost á sér í 2.-3. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ í prófkjöri flokksins sem fram fer 13. febrúar næstkomandi vegna sveitarstjórnarkosninga á komandi vori.

Margrét fæddist á Ísafirði 20. ágúst 1969 en ólst upp í Bolungarvík. Foreldrar hennar eru Halldór Benediktsson, og Steinunn S. L. Annadóttir. Eftir grunnskólapróf lá leiðin suður og lauk Margrét sveinsprófi í hárskurði, stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, meistaraþrófi í hárskurði og B.ed prófi í grunnskólaskori frá Kennaraháskóla Íslands 1999. Hún hefur starfað sem íþrótt- og tómstundafulltrúi í eitt og hálf ár.

2010 – 16. janúar – 1995

Stakkur skrifar

Síðasta laugardag voru liðin 15 ár frá snjóflóðunum í Súðavík. Þá létu 14 manns lífið og miklar skemmdir urðu á mannvirkjum. Blessuð sé minning þeirra sem þar fórust. Rúmlega níu mánuðum síðar féll snjóflóð á Flateyri og þar létu 20 manns lífið. Rúmum níu mánuðum fyrir snjóflóð í Súðavík féll eitt á sumarhúsabyggðina í Tungudal og hafði áður geryðilagt mannvirki á skíðasvæði Ísfríðinga á Seljalandsdal. Einn maður fórst í Tungudal. En 40 af 42 sumarhúsum urðu flóðinu að bráð.

Liðin voru rúm 20 ár frá því snjóflóð féllu á Neskaupstað, 10. desember 1974 og urðu 12 manns að bana. Eignatjón varð þá mikið. Líkt og í snjóflóðunum í Súðavík og þeim sem hér er getið er unnt að fást við eignatjón þó það taki á. Mannslíf verða ekki bætt. Minningu þeirra sem létu lífið er mest virðing sýnd með því að grípa til allra þeirra aðgerða sem komið geta í veg fyrir manntjón og dregið úr eignatjóni. En mestu skiptir að muna að sambúðin við náttúruna er vandsöm. Það kom glöggst í ljós árið 2008. Þá gengu jarðskjálftar yfir Suðurland. Eignatjón varð gríðarlegt. Engin týndi lífi.

Við höfum orðið vitni að hörmulegum afleiðingum mikils jarðskjálfta á Haítí. Nánast allt er hrundið og enginn veit hve margir hafa dáðið vegna skjálftans. Það er gott að vita að Íslendingar skuli hafa sent björgunarsveitarmenn þangað og sýnt vilja sinn til þess að taka þátt í mjög svo erfiðu björgunarstarfi.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Við höfum orðið vitni að því hér á Íslandi hve miklu það skiptir að eiga aðstoð vísa. Förfúsir björgunarsveitarmenn eru reiðubúnir að koma á vettvang fyrirvaralaust til að bjarga mannlífum um leið og kallið kemur.

Þeir sem muna vita að erfitt var að koma björgunarsveitum frá öðrum landshlutum til Vestfjarða fyrir 15 árum. Þá reyndi á heimamann og skipulag hér heima fyrir. Þeirri sögu hafa ekki verið gerð nægileg skil. Þá tókust auk björgunarsveitarmanna óþjálfaðir sjálfboðaliðar á við gríðarlega erfitt verkefni, sem var að reyna að bjarga þeim sem lifðu af snjóflóðið, en höfðu orðið fyrir því. Frammistaða björgunarmanna var góð og umfram það sem hægt var að ætlast til við afar erfiðar aðstæður. Fyrir það er öllum þakkað sem að málum komu.

Öllum er hollt að minnast þessa atburðar hinn 16. janúar 1995. Af honum ber að draga lærdóm og koma áfram til framtíðar. Við höfum á undanförunum árum séð mikil mannvirki rísa til varnar snjóflóðum hér á Vestfjörðum. En það þarf meira til.

Efla þarf vitund um ábyrgð hvers og eins varðandi það að varast náttúruna og afleiðingar þess að hamfarir dynji yfir. Margt hefur gott unnist, en í skólakerfinu hefur þessa ekki orðið vart.

Blessuð sé minning þeirra er létu lífið í öllum þessum snjóflóðum.

Tekjuviðmiðun hækkar

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að tekjuviðmiðun, vegna afsláttar til elli- og örorkulífeyrisþega vegna fasteignaskatta og holræsagjalds, hækki sem nemur hækkan á launavísitölu frá janúar 2009 til janúar 2010. Sorpgjöld haldast þó óbreytt samkvæmt sérstakri gjaldskrá frá árinu 2009. Á bæjarráðsfundum var lagt fram minnisblað bæjarritara með gögnum frá fjármálastjóra er varða álagningu fasteignagjalda og sorpgjalda á árinu 2010, sem og reglur um afslætti og styrki til einstaklinga og félagsamtaka, vegna greiðslu ofangreindra gjalda.

Á minnisblaðinu segir að álagningarprósentsur fasteignagjalda á árinu 2010 séu óbreyttar frá árinu 2009 en gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu vegna íbúðarhúsnæðis hefur hækkað úr 37.800 krónur í 41.580 krónur. Eins hefur gjaldskrá sorpeyðingargjalds hjá lögaðilum hækkað á milli ára samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 17. desember 2009 og er í sér gjaldskrá.

– kristjan@bb.is

Stofna félag um mögulega nýtingu sjávarfalla á Vestfjörðum

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða vinnur nú ásamt Nýsköpunarmiðstöð, Orkubú Vestfjarða og Bjarna M. Jónssyni að stofnun Vesturorku, félags sem tengist möguleikum á nýtingu sjávarfalla á Vestfjörðum. Tilgangur félagsins verður m.a. smíði og rekstur raforkuvera sem nota endurnýjanlega orkugjafa. Eins og fram hefur komið hefur að undanförunni verið unnið að því að kanna möguleika á Vestfjörðum á því að virkja sjávarföll. Athugunin er liður í meistara-verkefni Bjarna M. Jónssonar við

Haf- og strandsvæðastjórnunarnám við Háskólaasetur Vestfjarða. „Þetta er mjög spennandi verkefni og við erum að vinna að því núna að koma félaginu á legg.“ segir Þorgeir Pálsson framkvæmdastjóri Atvest.

Þá eru ýmis verkefni í burðarliðnum hjá Atvinnuþróunarfélaga Vestfjarða. „Mestmegnis erum við að vinna í áframhaldi á verkefnum sem hafin eru og má þar nefna þróunarverkefnið Veislu að vestan sem tengist matartengdri ferðaþjónustu til að vekja athygli á vestfirskum matvælum.

Markmiðið er að auka sýnileika og veltu þeirra fyrirtækja sem vinna með vestfirskt hráefni. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og telur nú yfir 30 þátttakendur. Við erum að skoða stofnun tilraunaeldhúss á Tálknafirði sem næsta skref í þróun þessa verkefnis. Þess má geta, að hafið er verkefni um sams konar tilraunaeldhús að Núpi í Dýrtafirði, undir stjórn staðarhaldara þar. segir Þorgeir.

„Síðan verður hér á Ísafirði ráðstefnan Stefnumót við konur þann 20. febrúar n.k., þar sem

leitað verður leiða til að efla vestfirskar konur til atvinnusköpunar. Þessi ráðstefna er hluti af starfi Fagráðs Atvest um konur og atvinnulíf á Vestfjörðum, sem starfað hefur síðan sl. haust. Í fagráðinu eru þær; Birna Lárusdóttir (Ísafjarðarbæ), Berglind Hallgrímsdóttir (Nýsköpunarmiðstöð Íslands), Guðfinna Bjarnadóttir (fyrrverandi alþingsmaður), Inga Karlsdóttir (Landsbanki Íslands, Ísafirði) og Þórunn Jónsdóttir (Auði Capital).

Dagskrá ráðstefnunnar er mjög áhugaverð að sögn Þorgeirs en

þar munu m.a. koma fram Guðjón í OZ og Maurapúfa, sem verða með hvatningar fyrirlestra. Eins verður Þórunn Jónsdóttir frá Auði Capital með fyrirlestur um fjármögnunarleiðir.

Einnig er í undirbúningi heimsókn tveggja vísindamanna frá virtum háskóla í Japan en þeir ætla að kynna sér verkefni félagsins í sjávarútvegi og fiskeldi. „Þetta er mikil viðurkenning fyrir okkur og stefnt er að því að heimsóknin verði í febrúar-mars en það er ekki frágengið.“ segir Þorgeir. – *thelma@bb.is*

Fall krónunnar hefur jákvæð áhrif á útsvarstekjur

Útsvarstekjur sveitarfélaga á Vestfjörðum hækkuðu um 15,1% milli ára 2008 og 2009. Tekjuaukning sveitarfélaga á landsvísi var 2,6%. Brúttótekjur sveitarfélaga á Vestfjörðum árið 2008 voru 1954 milljarðar króna en voru 2.249 milljarðar í fyrra. Níu af tíu sveitarfélögum á Vestfjörðum bættu við sig en Bæjarhreppur var undantekningin á tekjuaukningunni milli ára. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði segir í samtali við vísir.is að tekjuaukning sveitarfélaganna skýrist að langmestu leyti með

bættari afkomu sjávarútvegsins vegna gengisþróunar krónunnar. Halldór segir að þegar horft er til Vestfjarða í samanburði við landið í heild verði að hafa hugfast að þensluþylgja síðustu ára för að verulegu leyti fram hjá Vestfjörðum. Samdrátturinn var því ekki mikill við hrúnið, þegar á allt er litið.

„Við erum búin að vera í gíslingu sterkrar krónu mjög lengi en nú hefur þetta snúist við.“ segir Halldór í samtali við vísir.is. Þessu til viðbótar koma áhrif hækkingar á útsvarshlutfalli og

skattatekjur af útgreiðslu séreignarsparnaðar úr lífeyrissjóðum. Halldór segir að þrátt fyrir tekjuaukninguna þurfi sveitarfélögin eftir sem áður að halda verulega aftur af útgjöldum sínum.

Mikilvægi sjávarútvegsins í þessari mynd sést greinilega þegar afkoma sveitarfélaga eins og Borgarbyggðar og Fljótsdalshéraðs er skoðuð. Útsvarstekjur beggja sveitarfélaganna dragast saman á tímabilinu. Lífibrauð þeirra hefur ekki síst verið umsvif verktakafyrirtækja sem hafa mörg hver fengið þungan skell.



Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Vinna í nýjum mörkuðum

„Nýja árið leggst vel í okkur hjá Murr. Vörur frá okkur eru nú að sjást í hillum í verslunum í Færeyjum og við erum að vinna í fleiri mörkuðum.“ segir Þorleifur Ágústsson, einn eigandi Murr í Súðavík, spurður um horfurnar á nýja árinu. „Samstarf hefur verið nú síðastliðna mánuði við bandarískt markaðsfyrirtæki sem er að vinna með okkur Murr fólk í vörumerkinu okkar. Þeirra tilfinning er sú að varan sé frábær og eigi erindi til gæluþráeigenda. Við erum enda með frábæra vöru - hágæða hráefni og fóður sem samsett er af mikilli þekkingu. Enda hafa viðtökur þeirra sem hafa prufað fóðrið allar á sömu lund. Eigendur sjá miklar breytingar á dýrum sínum - feldur verður þéttur og glansandi.“ Aðspurður um nýjungar í

framleiðslunni segir Þorleifur: „Við erum að ljúka þróun á fóðri fyrir stóra hunda, sem verður í stærri pakkningum. Vonandi fara þær vörur að sjást í verslunum innan skamms. Nageyrn, sem fást í verslunum, hafa slegið í gegn og seljast sem heitar lummur - enda afskaplega vinsæl hjá hundum af öllum stærðum og gerðum.“ Þorleifur er ósáttur við að vara sem unnin er erlendis skuli vera markaðssett sem íslensk vara. „Við erum að framleiða íslenska vöru - ekki vöru með íslensku nafni og framleidda í útlöndum sem því miður er staðreynd hjá samkeppnisadilum - en okkur finnst óþolandi að þeir skuli komast upp með að tala um íslensk gæði og hráefni í vöru sem framleidd er fyrir þá í Hollandi.“ – *fridrika@bb.is*



Þorleifur Ágústsson við störf í Murr ehf.

gegnum LINSUNA

Vegna síaukins áhuga almennings á ljósmyndun, hefur Bæjarins besta ákveðið að birta í vetur valdar myndir eftir hina fjölmörgu áhugaljósmyndara á Vestfjörðum. Þeir sem vilja leyfa lesendum blaðsins að sjá verk sín er bent á að senda þær í prentgæðum á netfangið bb@bb.is ásamt stuttum texta og ljósmynd af höfund. Áhugaljósmyndari vikunnar er Hilmar Örn Þorbjörnsson á Ísafirði.



Seljalandsdalur: Birtuskilyrðin voru svo falleg þennan dag að ég ákvað að skella mér niður í Neðstakaupstað og prófa nýju linsuna sem ég hafði fengið fyrir um daginn. Eftirvinnslan fór fram í Adobe Photoshop, þ.e. smá levels og skerping. **Myndavél:** Nikon D200. **Linsa:** Nikon 10,5 mm Fisheye f/2.8. **Ljósop:** f/4.0. **Hraði:** 1/4sek. **ISO:** 100.

Stóð við áramótaheitið

Ísfirðingurinn Kristín Guðmundsdóttir sem búsett er syðra hefur verið að dútla við myndlist í tæpt ár en hefur nú þegar vakið nokkra athygli. Verk hennar má sjá á veraldarvefnum en síða hennar á samskiptavefnum Facebook hefur nú um 1500 aðdáendur. Kristín heldur fyrstu myndlistarsýningu sína á heimaslóðum í vor en hún verður opnuð 3. apríl í Hamraborg og stendur út mánuðinn. En hvernig byrjaði þetta allt saman hjá Kristínu?

„Það var áramótaheitið í fyrriað byrja að prófa að mála. Mig langaði svo að fá eitthvað á veggina hjá mér. Ég keypti fyrstu strigana í janúar en það var ekki fyrir en á vordögum sem ég fór að setja upp verk á veggina. Svo átti systir mín afmæli í júní og ég málaði mynd handa henni sem vakti lukku. Hún bað síðan um aðra mynd og í framhaldi voru hinir og þessir að biðja um myndir í afmælisgjafir og ég fór að verða við því, auk þess sem ég málaði myndir fyrir greiðasemi og annað slíkt.

Þannig byrjaði þetta, bara sem gjafir fyrir vini og ættingja. Í kjölfarið vildi vinkona vinkonu minnar fá mynd og þannig koll af kalli. Það var eiginlega alveg óvart að ég fór að mála myndir

fyrir aðra og selja þær. Svo þegar ég var búin að mála mynd setti ég mynd af henni inn á Facebook þannig að sá sem átti að fá myndina gæti séð hana strax. Þar fór fólk að sýna mikinn áhuga á myndunum og í kjölfarið gerði ég sér síðu fyrir myndirnar mínar. Ég er ekki með neitt til sölu á síðunni núna en er að ráða bót á því.“

– Ætlarðu að ná frægð og frama í myndlistinni?

„Ég elska vinnuna mína og mun aldrei hætta að starfa sem snyrtifræðingur en myndlistin er bara áhugamálið mitt. Ef það verður eitthvað meira úr því, þá er það bara gaman. Ég er meistari í snyrtifræði og vinn á vestfirskri snyrtistofu sem heitir GUINOT MC Snyrtistofan. Þar er fólkíð

að vestan eða næst vestan og margir viðskiptavinir okkar eru eitthvað ættaðir að vestan.“

Snyrtifræðin nýttist í myndlistinni

– Hafði myndlistin ekkert blundað í þér áður?

„Jú, mjög lengi. Mig langaði

alltaf að sækja námskeið en hafði ekki sjálfstraustið í það. Ég ákvað því að byrja sjálf að prófa mig áfram áður en ég færi á námskeið. Og ég er ekki enn búin að fara á þetta námskeið en það verður kannski í næsta áramótaheitið.

Í snyrtifræðináminu var einn myndlistaráfangi þar sem ég lærði litufræðina sem nýttist mér mjög mikið. Svo lærist skyggingin í förðuninni. Þannig lærði ég að fá þessa dýpt í myndirnar sem einkennir þær mjög mikið.

Svo fæ ég annað slagið næturkennslu en það er kona sem kemur til mín í draumi og kennir mér nýja tækni. Ég reyni eins og ég get að nýta mér þá kennslu, enda ókeyppis og á hentugum tíma, og svo er ég með fullt af hugmyndum í kollinum sem ég á eftir að læra að setja á strigann.

Mér finnst skemmtilegast að mála fyrir einhvern ákveðinn. Þá hugsa ég um viðkomandi á meðan ég er að mála og svo er svo gaman að fá fólkið í heimsókn þegar það sækir myndirnar. Ótrúlegt hvað Ísland er lítið í stóru Reykjavík, það er eins og allir

Rækju- og ýsuréttur og mexíkósk kjúklingasúpa

Sælkeri vikunnar býður upp á þrjá ljúffenga rétti. Sá fyrsti er léttur rækjuforréttur með bragðgóðri rjómasósu. Næst býður Gíslína upp á ofnbakaða ýsu með beikon-ívaði og síðast en ekki síst er mexíkósk kjúklingasúpa sem svikur engan sem hefur dálæti á mið-amerískri matargerð.

Rækjuforréttur

½ gúrka
300 g rækjur
1/2 paprika rauð
1/2 blaðlaukur
1/2 paprika gul
1/2 vatnsmelóna en má vera meira.
Blandið hráefnunum saman í skál og berið fram með ristudu brauði.

Sósa fyrir rækjuforrétt

1/2 bolli af hálfþeyttum rjóma
4 msk kaffirjómi
4 msk mayones

4 msk tómatsósa

Bætið öllu saman við rjómann og þeytið í 2 mín. Bætið við 1/2 tsk tapascó sósa, 1 tsk púðursykur, 2 msk borðedik, kanil á hnífsodd, hvítlauksduft á hnífsodd, 1/2 karrý, 4 msk matarolía. Hrærið vel, en ekki með þeytara.

laukurinn er skorið niður í meðalstóra bita, síðan er öllu hráefninu blandað saman í pott og hrært í þangað til ostarnir bráðna. Þá er öllu skellt í eldfast mót. Ostur settur ofan á og látið eldast í 25-30 mín í 200°. Gott er að hafa ristað brauð eða hvítlauksbrauð með.

Sælkerinn

Ofnbökuð ýsa

1 blaðlaukur
1 beikon bréf
1 svinakjötskraftur
300 g beikon ostur
125 g rjóma ostur
5 dl af matarjóma
4 flök af ýsu

Fiskurinn, beikonið og blað-

Mexíkósk-kjúklingasúpa

Kjúklingabringur
Salt eftir smekk
½ blaðlaukur smátt saxaður
1 rauð paprika smátt söxuð
1 msk ólífuoía
1 lítri vatn
1 kjúklingateningur
1 dós saxaðir tómatar
4 msk chili-sósa



Sælkeri vikunnar er Gíslína Smoter Gísladóttir í Hnífsdal.

3 msk tomat-paste
100 g rjómaostur
Nachos-flögur og rifinn ostur

Byrjið á því að sjóða kjúklingabringurnar í vatni með dálitlu salti þar til þær eru eldaðar í gegn og skerið þær svo í bita. Steikið blaðlaukinn og paprikuna í ólífuoíunni við vægan hita. Hitið vatnið í öðrum potti og leysið kjúklingateninginn upp í vatninu. Bætið grænmetið út í kjúklingasóðið ásamt hökkuðum

tómötum, chilisósu og tómatamauki og látið súpuna malla í 10 mín. Bætið rjómaostinum í súpuna í þremur hlutum og látið hana malla dálítið á milli svo að rjómaosturinn leysist upp. Bætið að lokum kjúklingabituðum út í. Hellið súpunni í skálar og stráið muldum nachosflögum og rifnum osti yfir áður en hún er borin fram.

Ég skora á Randý Guðmundsdóttur á Ísafirði að vera næsti sælkeri vikunnar.

séu ættaðir að vestan.

Þetta er líka fin búbot en fólk má selja heimaföndur fyrir ákveðna upphæð á ári án þess að hafa til þess leyfi. Enda hefur það aukist mjög mikið að fólk sé að þrjóna eða föndra til að selja í kreppunni. Ég get ekki endalaust málað á mína vegg og þess vegna er mjög gaman að einhver vilji kaupa myndirnar mínar.

Ég er bara að dútla við þetta heima og gluggakistan mín ber þess merki því hún er öll út í málningarslettum. Þeir sem þekkja mig vita að ég er mikill grúskari og þarf alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni. Ég er alltaf að breyta, smíða og ýmislegt annað heima hjá mér svo ég held að maðurinn minn sé mjög feginn að ég sé bara úti í horni að mála í frítíma mínum," segir Kristín hlæjandi.

Þess má geta að Kristín verður á næstunni í sjónvarpsþættinum Innlit-útlit á Skjá 1.

„Já, Katrín Fjeldsted sem sér um Innlit-útlit hafði samband í gegnum síðuna mína. Ég hélt fyrst að einhver væri að stríða mér“ segir Kristín hlæjandi. „Ég veit ekki hvenær það verður sýnt en það er mjög gaman að hún skyldi hafa haft samband.“

Kristín hvetur alla sem eiga þess kost að kíkja við á myndlistarsýninguna í Hamraborg í apríl. „Það er um að gera að koma við á Hamraborg og fá sér pepsí max og pítsu og kíkja á sýninguna í leiðinni.“

Áhugasömum er bent á að nánari upplýsingar um Kristínu er að finna á síðunni hennar á [facebook.com/KGartGalleri](https://www.facebook.com/KGartGalleri/).

– thelma@bb.is



Verk Kristínar hafa vakið athygli þótt hún hafi ekki verið lengi í myndlistinni.

Vinsælastur í heimi*

Nokkur atriði um vinsældir og sætumagn tómata

Íslenskir tómatar eru bragðmeiri sökum þess að þeir fá að þroskast til fulls á tómataplöntunni

Er alveg fitulaus

Ítalir kalla tómatinn ástareplið og þykir hann afar kynörvandi

Inniheldur lýkópen sem er öflugt andoxunarefni

Til eru meira en 10.000 mismunandi tegundir af tómötum

Tómaturinn er mest selda grænmeti í heimi en meira en 60 milljónir tonna eru ræktuð ár hvert*

Er ávöxtur en vegna lítills sætumagns var tómaturnir flokkaður sem grænmeti

Geymist best við stofuhita því kæling eyðir bragði og næringu tómatans

islenskt.is

PÚ VEIST
HVADAN ÞAÐ
KEMUR

